ÞINGMANNATILLAGA

Norðurlandaráð

A 1626/presidiet

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00213-4

Þingmannatillaga um að laga skipulag Norðurlandaráðs að breyttum aðstæðum í utanríkis- og öryggismálum

Flokkahópur miðjumanna telur að grípa eigi til aðgerða sem fyrst til að styrkja ímynd Norðurlandaráðs í utanríkis- og öryggismálum. Endurskoða ætti skipulag ráðsins í þá veru að aðkoma þess að utanríkis- og öryggismálum og lausn deilumála verði sýnileg og gagnsæ, einnig gagnvart umheiminum. Þetta myndi einnig auka líkur á því að fulltrúar í Norðurlandaráði hafi reynslu af utanríkis- og öryggismálum.

Sú staðreynd að forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur umsjón með utanríkis- og öryggismálunum er hvorki gagnsæ né auðvelt að rökstyðja fyrir umheiminum. Flokkahópur miðjumanna leggur því til að eftir hringborðsumræðurnar, sem fara fram haustið 2014, muni forsætisnefndin skipa starfshóp sem vinni tillögur að ákveðnum breytingum í þeim tilgangi að umrædd málefni fái aukið vægi í Norðurlandaráði.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur flokkahópur miðjumanna til að

Norðurlandaráð

skipi starfshóp sem skuli leggja fram tillögur að leiðum til að auka gagnsæi í starfi Norðurlandaráðs á sviði utanríkis- og öryggismála og ennfremur auka vægi ráðsins í utanríkis- og öryggismálum.

Kaupmannahöfn, 12. ágúst 2014

Anders Andersson (KD)
Anders Eriksson (ÅF)
Anita Brodén (FP)
Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Birgitte Josefsen (V)
Christina Gestrin (sv)
Finn Thranum (V)
Helgi Abrahamsen (sb)
Höskuldur Þórhallsson (F)
Jan Lindholm (MP)
Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)
Karen Ellemann (V)
Liv Holm Andersen (RV)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Róbert Marshall (Björt framtíð)
Satu Haapanen (gröna)
Simo Rundgren (cent)
Åsa Torstensson (C)

Norðurlandaráð

A 1626/presidiet

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00213-4